

## Íslenski þekkingardagurinn 13. febrúar 2009

### Ávarp: Auður Björk Guðmundsdóttir, formaður FVH

Hr. Forseti, Ólafur Ragnar Grímsson, háttvirtur iðnaðarráðherra, fyrirlesarar og góðir ráðstefnugestir.

Fyrir hönd Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga býð ég ykkur hjartanlega velkomin á Íslenska þekkingardaginn en ráðstefnan er nú haldin 9. árið í röð. Auk ráðstefnunnar veitum við í dag Þekkingarverðlaun FVH og veitum viðurkenningu til viðskiptafræðings eða hagfræðings ársins. Þau þrjú fyrirtæki sem eru tilnefnd til þekkingarverðlaunanna eru: Össur, Marel og CCP. Það er forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson sem veitir verðlaunin hér í lok dags og kemur þá í ljós hvaða fyrirtæki og hvaða einstaklingur hlýtur þekkingarverðlaunin í ár.

Þema ráðstefnunnar í dag er Nýsköpun og tækifæri á nýjum tímum. Nýsköpun er nauðsynleg til atvinnuþróunar og framfara í þjóðfélaginu. Ný og bætt framleiðsla verður fyrst og fremst til vegna nýsköpunar í fyrirtækjum þar sem hæfnin til að breyta hugmyndum og þekkingu í söluhæfa vöru skiptir megin máli. Nýsköpun er því lykilatriði til að virkja atvinnulífið til framtíðar. Virk þátttaka í nýsköpun er forsenda þess að störfum fjölgi hér á landi, og ekki veitir af.

Við höfum hér með okkur í dag fimm valinkunna fyrirlesara. Í upphafi mun háttvirtur iðnaðarráðherra, Hr. Össur Skarphéðinsson, ávarpa ráðstefnuna. Það er alveg ljóst að innan hans ráðuneytis þarf áhersla á nýsköpun að vera einn af lykilþáttum ef markmiðið er að sigla út úr kreppunni með sterkara og betra atvinnulíf. Nýsköpun í ferðaþjónustu, nýtingu orku og auðlinda er mikilvæg til

fram tíðar og verður spennandi að hlusta á hvernig ráðherra sér næstu ár fyrir sér í þeim efnum.

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, flytur erindi sem nefnist, Fræ til fram tíðar- menntun, vísindi og nýsköpun. Kristín hefur lagt mikinn þunga á mikilvægi rannsókna og nýsköpunar í starfi sínu. Sú stefna gæti knúið íslenska samfélagið upp úr öldudal til nýrrar framfarasóknar. Það verður spennandi að heyra hvað hún hefur að segja okkur hér í dag.

Nýsköpun í atvinnulífi er eins og fyrr segir nauðsynleg og öll sprotafyrirtækin, sem nú spretta upp þrátt fyrir óhagstæð skilyrði þessa dagana, sýna að hugvitið og framkvæmdagleðin verða ekki hneppt í fjötra kreppu. Stjórnvöld ættu að styðja þessa frumkvöðla fyrstu skrefin. Það hefur aldrei verið brýnna en nú.

Eyþór Ívar Jónsson, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og framkvæmdastjóri Klaks heldur erindi um þekkingarþróun sprotafyrirtækja og eftir honum kemur Guðjón Már Guðjónsson, frumkvöðull og framkvæmdastjóri Industria með erindi sem hann kallar á ensku Think – Innovate – Execute.

Ætla má að tækifærin liggi einnig í nýsköpun í tengslum við heilbrigðisþjónustuna á Íslandi. Það verður áhugavert að hlýða erindi Berglindar Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytisins, en hún mun fjalla um tækifæri til samstarfs við aðrar þjóðir á sviði heilbrigðis og lyfjamála.

Hörður Árnason, forstjóri Marel Food Systems flytur síðan erindi sem hann nefnir á ensku Return on innovation. Marel er eitt af okkar öflugustu

framleiðslufyrirtækjum í dag og hefur Hörður stýrt fyrirtækinu í miklum vexti undanfarin ár. Marel er eitt af þeim fyrirtækjum sem tilnefnd eru til þekkingarverðlaunanna eins og fyrr hefur komið fram.

Kæru ráðstefnugestir,

Mig langar að nota tækifærið og stikla á stóru hvað starf FVH varðar. Starfsárið hófst á hádegisverðarfundum um hlutverk leiðtogans á umbótartímum með Peter Handal, forstjóra Dale Carnegie. Í september var haldin ráðstefna í samstarfi við Capacent með Dr. Robert Kaplan, höfundar „The balance Scorecard“ og í sama mánuði var morgunverðarfundur um íslenskt mál í viðskiptalífinu. Í október var haldinn hádegisverðarfundur um áhrif fjármálakreppunnar þar sem Ann Davis, ráðgjafi frá KPMG í London, kom til okkar og flutti erindi um endurreisn bankanna og dró þar lærdóm af Asísku bankakrísunni. Í lok árs stóðum við fyrir hádegisverðarfundum um heimskreppuna, Ísland og framtíðina en þar fengum við til liðs við okkur hagfræðingana Jón Daníelsson, Guðrúnu Johnsen og Katrínu Ólafsdóttur sem héldu erindi. Eins stóðum við fyrir vel heppnaðri vinnuráðstefnu um lausn á efnahagsvanda þjóðarinnar. Um 60 manns tóku þátt í vinnuráðstefnunni og var niðurstaða vinnuhópana sett saman í skýrslu og afhent þáverandi forsætisráðherra, Hr. Geir H. Haarde.

Skýrsluna hef ég með mér hér í dag og mun nýta tækifærið hér á eftir til að afhenda fulltrúa nýrrar ríkisstjórnar, Össuri Skarphéðinssyni, eintak af henni í þeirri von að hún verði lóð á vogaskálar þess vandasama verk ríkisstjórnarinnar og landsmanna allra að endurreisa efnahagslíf þjóðarinnar.

Það er ávalt nóg um að vera hjá Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga og hvetjum við ykkur að fylgjast með starfinu okkar framundan. Ég bendi ykkur þá sérstaklega að fylgjast með á heimasíðu félagsins [fvh.is](http://fvh.is).

Kæru ráðstefnugestir,

Við erum með spennandi viðfangsefni undir í dag. Ég hlakka til að hlusta á fyrirlesara okkar og taka þátt í umræðum. Ég efast ekki um að dagurinn verður okkur lærdómsríkur og skemmtilegur.

Ég segi Íslenska þekkingardaginn 2009 settan og óska ykkur góðrar stundar.